



Fundargerð 283.fundar

Stjórnar Hafnasamlags Norðurlands bs.

Miðvikudaginn 8. nóvember 2023 kl. 16.15 fór fram stjórnarfundur á skrifstofu Hafnasamlags Norðurlands við Fiskitanga.

Fundinn sátu: Inga Dís Sigurðardóttir formaður, Jóhann Gunnar Kristjánsson varaformaður, Axel Grettisson ritari, Ásrún Ýr Gestsdóttir, Jón Þorvaldur Heiðarsson, Ólafur Rúnar Ólafsson, Sverre Jakobsson og Þröstur Friðfinnsson.

Að auki var Pétur Ólafsson hafnastjóri á fundinum.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Dagskrá fundarins:

1. Gjaldskrá 2024, umræður.

Ræddar hugsanlegar breytingar á gjaldskrá HN fyrir árið 2024. Hafnarstjóra falið að leggja fram á næsta fundi drög að gjaldskrá HN fyrir árið 2024 í anda umræðna á fundinum.

2. Rútubílastæði, kynning og umræður.

Kynntar hugmyndir af gjaldheimtu á nýju bílastæði hafnarinnar ofan Tangabryggju. Hafnarstjóra falið að skoða málið betur og gera verðkönnun.

3. Samfélagsstyrkur HN 2023.

Samfélagsstyrk Hafnasamlags Norðurlands fyrir árið 2023 fá:
Hollvinasamtök SAK 1.000.000
Endurbygging Miðgarðakirkju í Grímsey 400.000

4. Land og sjóvarnir.

Með hækkun sjávar og verri veðrum virðist sem ýmsar sjó- og landvarnir séu ekki fullnægjandi. Ljóst er að nauðsynlegt verður að styrkja og hækka varnir á nokkrum stöðum á Akureyri og hafa fulltrúar Akureyrarbæjar, Hafnasamlagsins og Vegagerðarinnar fundað vegna þessa. Vegagerðin er að hanna styrkingu á landvörn á milli ÚA bryggju og Tangabryggju og er stefnt að því að um leið og sú hönnun er tilbúin að bjóða verkið út og reyna að hraða verkinu.

5. Erindi frá hverfisnefnd Grímseyjar.

Tekið var fyrir erindi frá hverfisnefnd Grímseyja frá 1. nóvember s.l. er varðar stuðning við að leysa klósett vanda í Grímsey vegna fjölgunar ferðamanna. Árið 2018 keypti HN salerni og setti upp á hafnasvæðinu og hefur höfnin séð um rekstur þess síðan. Hafnarstjórn telur ekki hlutverk HN að reka salerni utan hafnasvæðis. Stjórn hafnasamlagsins hefur ákveðið að veita samfélagsstyrk til Miðgarðakirkju að upphæð 400 þúsund krónur sem ætlaður er til uppbyggingar á salernisaðstöðu í kirkjunni.



6. Dysnes

Formaður stjórnar kynnti vel heppnaða ferð til Finnlands og Noregs þar sem skoðaðar voru sambærilegar verksmiðjur og líforkugarðar stefna að að reysa á Dysnesi. Fimmtudaginn 2. nóvember s.l. var einnig undirrituð viljayfirlýsing milli HN og Líforkugarða ehf um að unnið verði að uppbyggingu líorkuvers á Dysnesi. Vinna við lóðarskilmála stendur enn yfir og vænta má kynningar á lokadrögum á næsta stjórnarfundi.

7. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fundagerðin yfirfarin og staðfest.

Fundi var slitið kl. 17.50

Inga Dís Sigurðardóttir formaður

Jóhann Gunnar Kristjánsson varaformaður

Axel Grettisson ritari

Ásrún Ýr Gestsdóttir

Jón Þorvaldur Heiðarsson

Ólafur Rúnar Ólafsson

Sverre Jakobsson

Þröstur Friðfinnsson

Pétur Ólafsson hafnarstjóri
